

Útboðslýsing

Eignastýringarleiðir

Mars 2019

Júpíter rekstrarfélag hf.,
kt. 520506-1010, Borgartúni 25, 105 Reykjavík

Júpíter rekstrarfélag hf., kt. 520506-1010, Borgartúni 25, 105 Reykjavík, lýsir því hér með yfir að útbodslýsing þessi er eftir bestu vitund í fullu samræmi við staðreyndir.

Útbodslýsing þessi er gerð í samræmi við reglugerð nr. 1166/2013, um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf, og 51. gr. og 52. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.


Stjórn Júpíters rekstrarfélags hf. og framkvæmdastjóri
Reykjavík, 11. mars 2019




Guðlaug Kristbjörg Kristinsdóttir
stjórnarformaður



Óttar Már Ingvason
varaformaður stjórnar



Sigríður Mogensen
meðstjórnandi



Ragnar Páll Dyer,
framkvæmdastjóri

1. Upplýsingar um Eignastýringarleiðir

1.1. Heiti og rekstrarform

Sjóðurinn heitir Eignastýringarleiðir. Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður skv. III. kafla laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði og hefur sem slíkur aðeins heimild til markaðssetningar á Íslandi. Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður og grunnmynt hans er ISK (íslenskar krónur).

1.2. Stofndagur

Eignastýringarleiðir var stofnaður í júlí 2013 og fékk sjóðurinn staðfestingu sem fjárfestingarsjóður skv. lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, nr. 128/2011 í júlí 2013.

Júpíter rekstrarfélag hf. annast rekstur sjóðsins.

1.3. Deildaskipting

Sjóðurinn er deildaskiptur og starfar í fimm aðgreindum sjóðsdeildum. Sjóðsdeildirnar eru:

- Eignaleið I – Skuldabréfasafn, kt. 630713-9940.
- Eignaleið II – Varfærið safn, kt. 630713-9860.
- Eignaleið III – Blandað safn, kt. 630713-9780.
- Eignaleið IV – Vaxtarsafn, kt. 590516-9610.
- Eignaleið V – Hlutabréfasafn, kt. 630713-9510.

Sjóðsdeildirnar hafa aðskilinn fjárhag innan rekstrarfélagsins og lúta fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu. Hver sjóðsdeild ber ábyrgð á sínum skuldbindingum.

1.4. Reglur og reglulegar skýrslur sjóðsins

Allar upplýsingar um sjóðinn, útgefna skýrslur, ársreikninga, útboðslýsingu og reglur má nálgast án endurgjalds hjá Júpíter rekstrarfélagi hf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík.

1.5. Skattaleg staða

Um skattalega meðferð hlutdeildarskírteina í Eignastýringarleiðum fer eftir lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, eins og þau eru skýrð á hverjum tíma og eru fjárfestar hvattir til þess að kynna sér stöðu sína skattalega og er ráðlagt að leita til sérfróðra aðila á því sviði, s.s. skattalögfræðinga eða endurskoðenda.

Eignastýringarleiðir er ekki sjálfstæður skattaðili og er því ekki skattlagður sérstaklega. Eingendur hlutdeildarskírteina í sjóðnum eru hins vegar skattlagðir við innlausn þeirra.

Gengishækkun hlutdeildarskírteina færast til tekna við innlausn eða þegar þær eru lausar til ráðstöfunar. Slíkar tekjur færast sem vaxtatekjur í samræmi við 8. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Vörslufélagi sjóðsins er skylt við innlausn hlutdeildarskírteina að halda eftir fjármagnstekjuskatti af vaxtatekjum eigenda hlutdeildarskírteina og skila í ríkissjóð samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Hlutdeildarskírteini sem gefin eru út af Júpíter rekstrarfélagi hf. eru undanþegin stimpilgjöldum.

Frekari skattlagning kann að eiga við einstaka fjárfesta, t.d. erlenda, með hliðsjón af þeim reglum sem kunna að eiga við um þá í hverju og einu tilvik.